

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 34/2015 fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Fjallabyggð.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr.	51.691	á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	kr.	17.230	á hverja íbúð
Fyrir frístundahús	kr.	120.000	á hvert hús
Fyrir annað húsnæði	kr.	69	á hvern m <sup>3</sup> í húsnæðinu að 4.000 m <sup>3</sup>
	kr.	17	á hvern m <sup>3</sup> > 4.000 m <sup>3</sup>

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2010, janúar 2014 (119 stig) og uppfærast á 3 mánaða fresti.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal árlega vera eftirfarandi:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
0 – 2.000	6.892
2.001 – 4.000	8.615
4.001 – 6.000	9.764
6.001 – 8.000	12.061
8.001 – 10.000	16.082
Rotþró > 10.000	4.595 pr. umframrúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.500.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi til viðbótar við ofangreind rotþróargjöld.

Gjöld miðast við byggingarvísitölu, grunnur 2010, janúar 2014 (119 stig) og uppfærast á 3 mánaða fresti.

3. gr.

Á eftir 4. gr. gjaldskrárinnar kemur ný grein sem verður 5. gr. svohljóðandi og breytast númer greina til samræmis við það:

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna í þjónustumiðstöð Fjallabyggðar er sem hér segir:

<i>Starfsmaður</i>	<i>Verð pr/klst.</i>
Verkstjóri	kr. 4.400 + vsk
Vélamaður	kr. 4.200 + vsk
Iðnaðarmaður	kr. 4.200 + vsk
Verkamaður	kr. 3.800 + vsk

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar 11. mars 2015 staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 25. febrúar 2015.  
Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 11. mars 2015.

*Fjallabyggð, 16. mars 2015.*

**Gunnar I. Birgisson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2015